

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Vestmannaeyjum 20. júní 2017
UST201702-308/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - fræðsluskilti á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 24. febrúar 2017, vegna leyfis til uppsetningu fræðsluskilta innan fólkvangana Ástjörn og Ásfell, Hleinar og Hvaleyrarlóns og náttúruvættisins Hamarinn.

Fólkvangurinn við Ástjörn og Ásfell var stofnaður 1996, sbr. auglýsingu, nr. 658/1996. Mannvirkjagerð skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag. Önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Fólkvangurinn við Hleinar var stofnaður 2009, sbr. auglýsingu, nr. 399/2009. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar.

Fólkvangurinn við Hvaleyrarlón var stofnaður 2009, sbr. auglýsingu, nr. 397/2009. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar.

Hamarinn var friðlýstur sem náttúruætti árið 1984, sbr. auglýsingu, nr. 188/1984. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins eru óheimil, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða hallandi skilti með fræðsluefni um viðkomandi svæði. Skiltin eru ca 1 metri á hæð. Fætarnir eru úr galvaníseruðu stáli og verða boltaðir niður á tvo steypa kubba sem verða grafnir niður á staðnum. Skilti við Ástjörn/Ásfjall er staðsett við göngustíg við norðausturmörk svæðisins eru staðsett rétt inna marka fólkvangsins. Skiltið við Hamarinn verður staðsett efst á honum. Skiltið við Hvaleyrarlón verður við mörk fólkvangsins við enda Lónsbrautar. Skiltið við Hleina er staðsett við bílastæði við afleggjarann að Brúsastöðum 1. Öllu raski verður haldið í lágmarki og lagfært að framkvæmd lokinni.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur miðað við ofangreinda verkefnislýsingu að lítilsháttar rask fylgi framkvæmdinni sem muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðin. Fræðslugildi framkvæmdarinnar er mikið.

Skilyrði


Stofnunin fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan framangreindra svæða eins og lýst er hér að ofan með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Gætt verður að mengunarvörnum þeirra tækja sem notuð verða við framkvæmdina til að koma í veg fyrir að mengandi efni losni út í umhverfið.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Umhverfisstofnun verði látin vita þegar framkvæmdir hefjast og þeim lýkur.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur